

REGLUR

um íslensku UNESCO-nefndina.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningar-málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization - UNESCO).

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu UNESCO til ráðuneytis í málum, er varða UNESCO, og tengiliður milli UNESCO og íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingarstarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu við aðrar íslenskar nefndir, sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni, sem telja má í verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanríkismálum.

Pegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára.

Formaður, ritari og tveir nefndarmenn að auki skulu skipaðir án tilnefningar, en þess skal jafnan gætt að einn þeirra sé sérfróður um skólamál, annar um vísindi, hinn þriðji um menningarmál og sá fjórði um fjölmiðlun og upplýsingamál.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins, ákveðið breytingar á fjölda nefndarmanna.

6. gr.

UNESCO-nefndin má leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum og einnig er henni heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð mála, þegar henta þykir.

7. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneytið.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og skal skipa íslensku UNESCO-nefndina að nýju í samræmi við þær. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 206/1978.

Menntamálaráðuneytið, 17. janúar 1990.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.